

## Skýrsla stjórnar Skotíþróttafélags Kópavogs, starfsárið 2021

Aðalfundur fór fram 2.mars 2021. Stjórn félagsins er sem hér segir:

Friðrik Goethe, formaður  
Sigurveig Helga Jónsdóttir, varaformaður  
Mörður Áslaugarsson, gjaldkeri  
Sigurður Ingi Jónsson, ritari  
Guðmundur Tryggvi Ólafsson, Meðstjórnandi

Varamenn:

Hálfván Ragnar Guðmundsson, Bjarki Þór Kjartansson

### Starf Ársins

Störf stjórnar félagsins voru fjölbreytileg á liðnu ári, en þar má nefna eftirfarandi viðburði:

#### 75. Íþróttaping ÍSÍ

Skotíþróttafélag Kópavogs sendi 3 fulltrúa á rafrænt Íþróttaping Íþróttta og Ólympíusambands Íslands sem fram fór þann 7. maí síðastliðinn. Þeir Friðrik Goethe, Bjarki Kjartansson og Sigurður Ingi fóru fyrir hönd félagsins og kusu um þau málefni sem voru tekin fyrir ásamt því að kjósa í stjórn ÍSÍ. Gaman var að taka þátt á þingi ÍSÍ og óskum við þeim sem voru kjörnir til embættis á þinginu til hamingju með árangurinn.

#### Opið hús - Ungliðastarfskygning

Ungliða starf félagsins var í mikilli þróun haustið 2020 og vorið 2021 og var því tímabili svo lokið með því að leggja grunn að næsta tímabili með opnu húsi. Þetta var ákveðið og auglýst með stuttum fyrirvara en þáttakan var mjög góð. Ungliðunarnefndin var það upptekin að ekki náðist að fylgjast alveg með hversu mörg ungmenni mættu en okkar aðilar sem voru á staðnum áætla að það hafi verið allavega 20 krakkar á staðnum.

Aftur var svo haldið opið hús þegar æfingar hófust aftur og var þáttakan þá enn betri þrátt fyrir að veðrið hafi verið verra fyrir grill. Einnig sýndu aðilar annarra skotíþróttafélaga starfinu áhuga og kíktu við á næstu æfingu á eftir.

#### Skotþing STÍ

SFK var með fulltrúa á þinginu sem haldið var þann 18. September síðastliðinn og upplýsti þá sem voru viðstaddir um stöðuna á dómsmáli sem féll yfir félaginu og stöðuna á ungliðastarfinu sem við í stjórn félagsins höfum verið að vinna í. Fulltrúar SFK fóru yfir hversu mikilvægt það er fyrir okkur að allir ferlar í tengslum við brot á reglum félagsins séu á hreinu og mældu með því að STÍ myndi koma að borðinu þar með okkur og klára þá ferla af.

Einnig töluðu fulltrúar SFK og Skotíþróttafélagsins Skyttur fyrir því hversu mikilvægt það er að STÍ klári að stilla upp hluta sériþróttageina af þjálfaranámi svo við getum veitt nýliðum, ásamt öðrum sem hafa áhuga, þjálfun á því stigi sem við viljum gera í framtíðinni. Eins og er vinnur ISSF að því að setja upp nýjan strúktúr á náminu og bíðum við spennt eftir því að það verði tilbúið.

Einnig var mikið umstang í kring um væntanlegar framkvæmdir félagsins, sem enduðu á að dragast og nú er stefnt að því að þær hefjist í sumar. Mikilvægt er fyrir okkar starf að fá uppfært loftræstikerfi og bíðum við öll eftir frekari fréttum frá þeim.

## Árangur félagsmanna

### Íslandsmet

Lið félagsins

#### Gróf skammbýssa CP

**24.október 2021 - 1680 stig (Jón Þór Sigurðsson, Ívar Ragnarsson, Friðrik Goethe)**

#### Sport Skammbýssa SP

**23.október 2021 – 1687 stig (Jón Þór Sigurðsson, Ívar Ragnarsson, Friðrik Goethe)**

Jón Þór Sigurðsson

**50m liggjandi riffill (prone) FR60PR, 11. Des 2021 – 624,3 stig**

**300m frjáls riffill FR300, 2. júní 2021 – 595/25x stig**

### Íslandsmeistaratitlar

Ívar Ragnarsson

**Stöðluð Skammbýssa 17.Október 2021 – 559 stig**

**Sport Skammbýssa 23.Október 2021 – 571 stig (Íslandsmet ef ekki fyrir skráð met sem er ekki gilt)**

**Gróf Skammbýssa 24.október 2021 – 570 stig (Íslandsmet ef ekki fyrir skráð met sem er ekki gilt)**

**Loftskammbýssa 6.nóvember 2021 – 557 stig**

Ívar er kominn í Meistaraflokk í öllum þessum greinum.

Jón Þór Sigurðsson

**50m Liggjandi Riffill 30.október 2021 – 619,3 stig (Bikarmeistari)**

**300m Liggjandi Riffill 7.ágúst 2021 – 577 stig**